

Fundur í stjórn foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

4. september 2019 kl 17.20

Mættar: Erla skólastjóri, Björk, Berglind Hrönn, Bjarney Lea, og Guðrún Linda

1. Nýjir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir, Guðrún Linda Norðfjörð Rafnsdóttir og Sóley Anna Pálsdóttir. Út úr stjórn fóru Katrín Freysdóttir og Katrín Andersen, við þökkum þeim vel unnin störf.
2. Innheimta gjalda. Greiðsluseðlar verða sendir út í heimabanka foreldra, 2000kr á heimili. Bjarney fer í málið.
3. Stjórnin mun sækja um styrk til áframhaldandi forvarnarvinnu til Fjallabyggðar líkt og undanfarin ár. Diljá fer í málið.
4. Umræða um hugmyndakassa. Einn kassi er staðsettur á Ólafsfirði og verða nemendur hvattir til að nýta hann ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Kom upp hugmynd um að fá starfsbraut til þess að gera kassa fyrir skólann á Siglufirði.
5. Almenn ánægja var með fyrirlesturinn sem Ingvi Hrannar Ómarsson hélt 29. ágúst síðastliðinn. Fyrirlesturinn fjallaði um börn, snjalltæki og samfélagsmiðla. Ingvi dreifði blöðum til foreldra og starfsfólks m.a. tæknisáttmála fjölskyldunnar, heilsukorti og fleiri fróðlegum upplýsingum. Einhverjir kennarar ætla að dreifa þessum blöðum til nemenda.
6. Önnur mál voru m.a.
 - a) Athuga með fleiri fyrirlestra, t.d. samtökin 78 með fræðslu fyrir mið og unglingastig., Sólborgu með fyrirlesturinn „fávitar“. Einnig að kanna eitthvað fyrir yngra stigið.
 - b) Á næsta fundi þarf stjórnin að undirbúa jólaföndrið, panta föndur og ákveða hvert á að koma peningum og afgangsföndri.
 - c) Erla kom með þá hugmynd að kaupa mottur fyrir yngstu bekkina og kotta til þess að hafa í kósý horni. Einnig vantar grjónapúða fyrir unglingastigið. Ákveðið var að skoða það betur.

Fundi slitið 18:05